

Ársfundur Háskólans á Akureyri var haldinn í stofu L201 á Sólborg föstudaginn 18. desember 2009 og hófst kl. 14:00. Rúnar Gunnarsson fundarstjóri setti fundinn og kynnti dagskrá hans.

1. Staða og starfsemi háskólans

Rektor hóf mál sitt á því að fara fyrir nokkrar lykiltölur varðandi fjölda nemenda, kennara og starfsfólks HA. Þar kom meðal annars eftirfarandi fram:

- Á árinu starfaði háskólinn sem þrjú fræðasvið: Hug- og félagsvísindasvið, heilbrigðisvísindasvið og viðskipta- og raunvísindasvið.
- Fastráðnir starfsmenn eru um 179 talsins. 112 þeirra eru kennarar og hafa 51 doktorspróf, 56 meistaraþróf og 5 annað próf.
- Nemendur voru í haust um 1530 talsins, þar af um þriðjungur í fjarnámi og um 400 nemendur í framhaldsnámi.

Vék rektor þessu næst að helstu atriðum í starfsemi háskólans á liðnu ári.

- Nýjar reglur fyrir Háskólann á Akureyri voru samþykktar á árinu og birtar í Stjórnartíðindum 28. apríl sl.
- Nýjar reglur um námsmat voru samþykktar og taka gildi um áramótin 09/10.
- Samþykkt var nýtt stjórnskipulag fyrir hvert af fræðasviðum háskólans.
- Samþykkt var ný jafnréttisáætlun Háskólans á Akureyri.
- Háskólaráð samþykkti tvo samstarfssamninga, annars vegar við Landsvirkjun um tveggja ára stöðu rannsóknaprófessors og hins vegar við sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið um stofnun Sjávarútvegsmiðstöðvar við Háskólann á Akureyri.
- Varðandi nám og kennslu hefur verið unnið áfram að innleiðingu viðmiða um æðri menntun og prófgráður skv. áætlun sem samþykkt var í gæðaráði og námsmarkmið allra námleiða háskólans hafa verið skilgreind.
- Notast er við rafrænu kennslukerfinn Blakk (Blackboard) og Moodle og er verið að skoða hvort Moodle uppfylli kröfur háskólans til slíkra kerfa með það fyrir augum að nota það jafnvel eingöngu. Kerfin eru nýtt í flestum námskeiðum háskólans. Notkun slíkra kerfa er forsendan fyrir því að háskólinn geti boðið upp á fjarnám en notkunin hefur einnig reynst staðarnemum vel.
- Samkenntla í kennaradeild milli staðarnáms og fjarkennslu jókst umtalsvert á árinu.
- Vinnuhópur um sveigjanlegt nám við Háskólann á Akureyri skilaði áfangaskýrslu í maí. Hugmyndir hópsins eru þær helstar að hætt verði að gera greinarmun á staðar- og fjarnámi, að í boði verði meiri sveigjanleiki hvað varðar stað og stund náms, að deildir skipuleggi nám með hámarkssveigjanleika án þess að rýra

gæðin og að gerð verði tilraun með hönnun og þróun valinna námskeiða með nýja hugmyndafræði að leiðarljósi. Hugmyndir vinnuhópsins eru enn til umfjöllunar og er lokaskýrslu að vænta snemma á nýju ári.

- Mikil aukning hefur orðið á meistaranámi og er meistaranám nú í boði á öllum fræðasviðum:
- Á heilbrigðisvísindasviði er í boði meistaranám í heilbrigðisvísindum.
- Á hug- og félagsvísindasviði er boðið upp á meistaranám í lögfræði, meistaranám í menntunarfræðum og meistaranám í félagsvísindum.
- Viðskipta- og raunvísindasvið býður upp á meistaranám í auðlindafræðum og viðskiptafræðum og meistaranám í ferðaþjónustu í samvinnu við Háskóla Íslands og Háskólann á Hólum er í undirbúningi og gæti hafist haustið 2010.
- Háskólaráð ákvað í haust að stuðla að því að svið og deildir háskólans gætu sótt um heimild til doktorsnáms en sækja þarf um til menntamálaráðuneytis. Einstaka deildir eru nú við árslok að meta þá hæfni sem þær búa yfir áður en ákvörðun verður tekin um hvort send verður inn umsókn um heimild. Síðan í byrjun árs 2008 hefur starfað við háskólann framhaldsnámsnefnd og hefur hún m.a. verkefni sem lúta að uppbyggingu doktorsnáms við HA og nefndin á að gera fimm ára áætlun um slíkt nám.
- Háskólinn á Akureyri á aðild að alþjóðlegu meistaranámi við RES Orkuskóla en þar stunda nú um 40 erlendir nemendur meistaranám í vistvænni orkunýtingu
- Ötullega hefur verið unnið að því að auka rannsóknastarfsemi innan Háskólans á Akureyri og fjölga birtingu ritrýndra fræðigreina, bæði í erlendum og innlendum tímaritum. Birting ritrýndra fræðigreina er áreiðanlegasti mælikvarðinn á gæði og afrakstur rannsóknastarfsins. Markmið háskólans um fjölda birtra ISI fræðigreina náðust og vel það, voru árið 2008 24 á móti 9 birtum greinum árið 2007. Það sem af er árinu 2009 eru greinarnar orðan 23 talsins og því allar líkur á að metið frá árinu 2008 verði slegið á þessu ári og ber vitni um metnaðarfullt rannsóknastarf við HA.
- Samkeppni um innlenda og erlenda styrki er mikil en háskólanum hafa hlotnast veglegir styrkir t.a.m. hefur viðskipta- og raunvísindasvið fengið úthlutað um 50 m.kr. í rannsóknastyrki. Mjög brýnt er að nýta þá möguleika sem eru fyrir hendi til að fjármagna rannsóknir með því að sækja í erlenda rannsóknasjóði, með því byggist upp eftirsóknarverð þekking, alþjóðleg tengsl skapast og dýrmætur erlendir gjaldeyrir fæst.
- Alþjóðlegt samstarf fer vaxandi. Dæmi um víðtækt alþjóðlegt samstarf er að finna á heilbrigðisvísindasviði en það nær til fjölmargra háskóla í u.þ.b. 10 þjóðlöndum. Auðlindadeild er einnig í víðtæku alþjóðlegu samstarfi, m.a. við sjávarútvegsskóla Sameinuðu þjóðanna. Fjöldamargir Erasmus skiptisamningar hafa verið gerðir sem auka á fjölbreytni og val nemenda og kennara. Til þess að auka enn fremur framboð á skiptisamningum, þyrfti að auka framboð námskeiða á ensku. Fjöldi skiptinema frá HA hefur aðeins dregist saman í kjölfar efnahagshrunsins en að sama skapi hefur erlendum skiptinimum til HA fjölgað. Kennaraskipti hafa verið með svipuðu móti og síðasta ár.

- Gæðaráð hefur starfað af krafti á árinu. Helstu verkefni voru m.a. umræður um kennslumat og gerð var áætlun sem á að stuðla að betri nýtingu matsins bæði fyrir nemendur og kennara. Eftirfylgni með kennslumatinu skal fara fram í starfsmannasamtölum en gæðaráð hefur samþykkt að þau skulu haldin a.m.k. annað hvert ár. Gæðaráð hefur haft til umfjöllunar nýjar námsmatsreglur, prófahald, fjarkennslustöðu og einkunnaskil kennara. Þá hefur verið ákveðið að skilgreina lykiltölur og gæðaviðmið í starfi háskólans og safna þeim markvisst svo þær megi nýtast við stjórnun háskólans og til umbóta í gæðamálum. Hópur starfsmanna hefur unnið með gæðastjóra við skrif á verklagsreglum fyrir alla meginferla háskólans og stefnt á að gera verklagsreglurnar aðgengilegar fyrir alla nemendur og starfsmenn háskólans á vef á komandi vormisseri.
- Skv. þriggja ára samningi við menntamálaráðuneytið er stefnt að úttektum á innra og ytra mati háskólans. Fyrst er það eftirfylgniúttekt á öllum 3 fræðasviðum háskólans og er undirbúningur við hana í fullum gangi. Áætlað er að erlend úttektarnefnd heimsæki háskólann í byrjun næsta árs. Einnig eru væntanlegar tvær sérfræðinganefndir í mars nk. til að gera úttekt á lagadeild og viðskiptafræðideild. Sjálfsmatsnefndir beggja deilda hafa einnig hafið störf við undirbúning sjálfsmatsskýrslu.
- Á brautskráningu í júní fékk Sigurður Bjarklind aðjúnkt við heilbrigðisvísindasvið viðurkenningu fyrir framúrskarandi kennslu. Þetta var í fyrsta sinn sem slík viðurkenning var veitt starfsmanni háskólans en það hefur verið ákveðið að tillögu gæðaráðs að gera það árlega framvegis.
- Framkvæmdir við 4. áfanga nýbyggingar við Sólborg eru vel á veg komnar, í henni verður hátíðarsalur og fyrirlestrastofur. Næsta haust verður því mögulegt að færa alla staðarkennslu á einn stað. Búið að gefa út byggingaleyfi fyrir 5. áfanga sem er skrifstofuhúsnæði fyrir kennara og tengigangur við eldri hús. Framkvæmdir við 5. áfanga munu hefjast um leið og fjármagn til þess fæst.
- Ríkisframlag til Háskólans á Akureyri árið 2010 lækkar um u.þ.b. 70 m.kr. frá árinu 2009 og miðað við verðlagsþróun milli ára hefur háskólinn þurft að lækka rekstrarkostnað um u.þ.b. 100 m.kr. Rekstraráætlun fyrir árið 2010 verður lögð fyrir háskólaráð á næstunni.

Rektor sagði að þrátt fyrir harðan niðurskurð og erfið ár framundan er stefnan að byggja upp sterka framtíð fyrir Háskólann á Akureyri. Starfsemi háskólans byggir á traustum grunni sem einkennist af persónulegri alúð við kennslu, öflugum rannsóknum og alþjóðasamstarfi. Tekist hefur að halda rekstri háskólans innan fjárheimilda á þessu ári og er að takast það þrekvirki að skera niður um 100 m.kr. í starfsemi háskólans án þess að rýra gæði kennslu og rannsókna og segja upp fólki. Þetta reyndist unnt með samstilltu átaki þar sem starfsfólk tekur á sig skerðingu heildarlauna og réttinda. Stefnt er á að þetta verði tímabundið til tveggja ára. Rektor notaði tækifærið til að þakka starfsfólki háskólans fyrir gott samstarf við að gera þetta mögulegt. Síðast minntist rektor á að Háskólinn á Akureyri væri í viðræðum við aðra háskóla, m.a. Háskóla Íslands og Háskólann á Hólum um mögulegt samstarf sem gæti aukið styrk HA.

Þakkaði hann að lokum persónulega öllu starfsfólki fyrir mjög góðar móttökur, frábært samstarf og óskaði ársfundargestum öllum gleðilegrar jólahátíðar og farsældar á komandi ári.

2. Rekstur háskólans

Ólafur Halldórsson framkvæmdastjóri Háskólans á Akureyri gerði grein fyrir rekstri háskólans árið 2008.

Í rekstrarreikningi ársins 2008 kom fram að sértekjur háskólans lækkuðu úr 339,1 milljónum árið 2007 í 325,6 milljónir árið 2008. Á sama tíma jukust rekstrargjöld úr 1.460.192 krónum í 1.633.463 krónur. Tekjuafgangur ársins voru 234.372.317 krónur á móti 625.914 króna tekjuafgangi árið 2007. Í efnahagsreikningi fyrir árið 2008 kom fram að eigið fé skólans var neikvætt um rúma 101 milljón og að skuld skólans við ríkissjóð var 226,6 milljónir. Eignir skólans námu 140,3 milljónum.

Að lokum greindi Ólafur frá því að búast mætti við talsverðum samdrætti í rekstri skólans á næsta ári og enn frekari samdrætti á árunum 2011 og 2012 sökum efnahagsástandsins. Verkefni stjórnenda skólans verður því ekki auðvelt við að koma þessu heim og saman og að reka metnaðarfullan háskóla.

Framlag á nemanda voru komin í ágætis horf en er farið að fara niður á við á ný. Rekstur skólans er í ágætis horfi og mikilvægt að halda því áfram og missa ekki háskólann í neikvæðan rekstur aftur.

3. Birna María Svanbjörnsdóttir. Einstaklingsmiðuð kennsla í grunnskólum Akureyrar

Birna María Svanbjörnsdóttir sérfræðingur við Skólaþróunarsvið Háskólans á Akureyri sagði frá verkefni sem hefur verið í gangi sl. tvö ár milli skólastjórnenda grunnskóla Akureyrarbæjar og Skólaþróunarsviðs og snýst um einstaklingsmiðaða kennslu. Bakgrunnur og einkenni sem EMK byggja á eru hugsmíðahyggja, fjölgreindarkenningar, heilarannsóknir og flæðikenningar. Almenn ánægja hefur verið með þessa hugmyndafræði og vinnubrögð en kennarar þurfa nokkurn tíma við að temja sér þessi nýju vinnubrögð.

4. Kristinn P. Magnússon. Hlutverk erfða í þróun lífvera

Kristinn P. Magnússon dósent við viðskipta- og raunvísindasvið Háskólans á Akureyri og sérfræðingur við Náttúrufræðistofnun sagði frá vísindalegri tilraun sem framkvæmd var til að staðfesta hvort skoffínið Otur frá Jökulsá var í raun afkvæmi hunds og refs. Skoffínið reyndist vera hundur.

5. Guðmundur Kristján Óskarsson. Starfsframi eftir útskrift

Guðmundur K. Óskarsson lektor við viðskipta- og raunvísindasvið Háskólans á Akureyri sagði frá niðurstöðu rannsóknar sem gerð var til að kanna starfsframa brautskráðra nemenda HA á árunum 2004-2007.

Fleira var ekki tekið fyrir og þakkaði fundarstjóri frummælendum framlag þeirra og fundarmönnum fundarsetuna og óskaði öllum gleðilegra jóla. Fundi var slitið kl. 15:55.

Rúnar Gunnarsson fundarstjóri

Ingveldur Tryggvadóttir fundarritari